Aðalfundur Bergrisans bs. 2026

haldinn í fjarfundabúnaðinum Teams, þriðjudaginn 6. október 2026 kl. 13:00

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans, opnar fundinn og býður fulltrúa velkomna. Lagt er til að Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, verði fundarstjóri og Ingimar Guðmundsson, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, verði fundaritari.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tekur við og leggur til að bæta við nýjum lið á dagskrá er varðar umræðu um endurgreiðslu viðbótarframlags sveitarfélaga 2021-2022. Engar athugasemdir berast og fundurinn samþykkir að bæta við fundarliðnum sem lið nr. 7 í dagskránni og færast þá dagskrárliðir 7-12 skv. dagskrá til og verða nr. 8-13.

2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd

Upplýsingum um fulltrúa hefur verið skilað til Bergrisans og lagði fundarstjóri til að í kjörbréfanefnd verði Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþingi ytra, sem formaður, Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppi, og Brynhildur Jónsdóttir, Árborg.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til kosninga.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

Bragi Bjarnson, formaður stjórnar Bergrisans, flytur skýrslu stjórnar.

Skýrslan verður tekin til umræðu og samþykktar undir lið 8.

Skýrslan er send út með fundargerðinni.

4. Kynning á ársreikningi 2025

Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri Bergrisans, kynnir ársreikning Bergrisans fyrir 2025.

Rekstrartekjur voru 4,9 milljarðar sem skiptust í 4,2 milljarða framlag frá Jöfnunarsjóði, 445 mkr framlög frá aðildarsveitarfélögum og 229 mkr í aðrar tekjur. Rekstrargjöld voru 4,4 milljarðar. Afkoma ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 554 mkr.

Eignir námu 2,8 milljörðum, skuldir voru 1,2 milljarðar og eigið fé var 1,6 milljarður í árslok.

Ársreikningur er lagður fram til umræðu undir lið 8.

5. Kynning á útkomuspá og fjárhagsáætlun

Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri Bergrisans, kynnir útkomuspá 2026 og fjárhagsáætlun 2027.

Útkomuspá og fjárhagsáætlun lagðar fram til umræðu undir lið 8.

Útkomuspá og fjárhagsáætlun ásamt greinargerð eru send út með fundargerðinni (uppfærð gögn).

6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Eggert Valur Guðmundsson kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 45 fulltrúar af 62 og telst því fundurinn lögmætur.

7. Umræða um endurgreiðslu viðbótarframlags sveitarfélaga 2021-2022

Bragi Bjarnason fór yfir minnisblað og tillögu um mögulega endurgreiðslu viðbótarframlaga sem aðildarsveitarfélög lögðu til rekstrar Bergrisans á árunum 2021-2022, samtals 450 mkr. Málið var rætt ítarlega og komu fram margvísleg sjónarmið um fjárhagsstöðu Bergrisans, framtíðarfjárþörf félagsins, áhrif mögulegrar endurgreiðslu og fyrirkomulag hennar. Í umræðum var meðal annars lögð áhersla á að um væri að ræða viðbótarframlög sveitarfélaganna vegna vanfjármögnunar á viðkomandi árum og að mikilvægt væri að skýr framtíðarsýn lægi fyrir um ráðstöfun fjármuna og uppsafnað eigið fé Bergrisans.

Fram kom tillaga frá Haraldi Þór Jónssyni, fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um að stjórn verði falið að greiða til baka viðbótarframlag sveitarfélaga vegna vanfjármögnunar frá árunum 2021-2022 útfrá gögnum fundarins.

Eggert Valur Guðmundsson, fulltrúi Rangárþings Ytra, lagði fram eftirfarandi breytingartillögu: Að stjórn verði falið að greiða til baka viðbótarframlag sveitarfélaga vegna vanfjármögnunar frá árunum 2021-2022 útfrá núvirti vísitöluhækkun.

Breytingartillaga Eggerts er lögð fram til afgreiðslu og felld með 29 atkvæðum gegn 3. Tillaga Haraldar er þá lögð fram til afgreiðslu og er samþykkt samhljóða með 30 atkvæðum gegn 0.

Aðalfundur leggur auk þess áherslu á að um sé að ræða endurgreiðslu viðbótarframlaga sveitarfélaganna vegna vanfjármögnunar á árunum 2021-2022. Jafnframt er stjórn falið að vinna áfram að stefnumótun um meðferð og uppbyggingu eigin fjár og sjóða Bergrisans til framtíðar.

Endurgreiðsla til sveitarfélaganna skiptist samkvæmt eftirfarandi viðbótarframlögum sem lögð voru til á árunum 2021-2022:

Sveitarfélagið Árborg	199.498.050
Bláskógabyggð	19.112.737
Flóahreppur	11.477.630
Grímsnes- og Grafningshreppur	7.577.692
Hrunamannahreppur	14.294.400
Hveragerðisbær	53.410.659
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	10.207.586
Sveitarfélagið Ölfus	43.906.253

Ásahreppur	3.640.511
Mýrdalshreppur	13.564.226
Rangárþing eystra	32.739.048
Rangárþing ytra	31.000.668
Skaftárhreppur	9.570.540
Samtals	**450.000.000**

8. Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning 2025, útkomuspá 2026 og fjárhagsáætlun 2027. Útkomuspá og fjárhagsáætlun lagðar fram til samþykktar

Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning, útkomuspá og fjárhagsáætlun. Bjarki R. Kristjánsson svarar spurningum sem snúa m.a. að fjármagnstekjum, áætlun um efnahag og sjóðstreymi. Aðrar umræður snúa m.a. að þiggja ára áætlun, fjárþörf Bergrisans o.fl.

Fundarstjóri tekur til máls og ber skýrslu stjórnar upp til kosninga.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Fundarstjóri tekur til máls og ber útkomuspá og fjárhagsáætlun upp til kosninga.

Útkomuspá 2026 og fjárhagsáætlun 2027 samþykktar samhljóða með þeirri breytingu sem var samþykkt undir lið nr. 7.

9. Skýrsla þjónusturáðs

Sigþrúður Birta Jónsdóttir, formaður þjónusturáðs, flytur kynningu á ársskýrslu þjónusturáðs. Fundarstjóri þakkar greinagóða kynningu f.h. fundarins.

Ársskýrslan er send út með fundargerðinni.

10. Þóknun stjórnar

Lagt til óbreytta þóknun, þ.e. 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund (allir nema formaður) og 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund hjá formanni

Tillaga borin upp og sammþykkt samhljóða.

11. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur bárust.

12. Ráðning löggilts endurskoðanda

Lagt til að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, sinni áfram endurskoðun félagsins.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

13.Önnur mál

Orðið er laust fyrir gesti fundarins. Enginn kveður sér hljóðs. Fundarstjóri þakkar fundarmönnum fyrir góðar og málefnalegar umræður og slítur fundinum kl. 14:48.